

Fundur í stjórn Hugvísindastofnunar 25. september 2013 kl. 15:00-16:30 í Aðalbyggingu

Mætt voru: Anna Agnarsdóttir (SAGN), Auður Hauksdóttir (SVF), Ástráður Eysteinnsson (sem stjórnaði fundi), Arnfríður Guðmundsdóttir (GUÐ), Höskuldur Þráinsson (MVS), Irma Erlingsdóttir (EDDA), Jón Karl Helgason (B&L), Kolfína Jónatansdóttir (DOKT), Gunnar Harðarson (HEIM), Eiríkur Smári Sigurðarson (sem ritaði fundargerð) og Margrét Guðmundsdóttir. Guðni Elisson (RIKK) og Vilhjálmur Árnason (SIÐ) boðuðu forföll.

Fundargerð

1. *Fundargerð síðasta fundar*: Fundargerð var samþykkt milli funda. AA bætti við að hún hafi boðað forföll. Verður leiðrétt.

2. *Vísindanefnd Háskólaráðs, fulltrúi Hugvísindasviðs*: Ármann Jakobsson, varaformaður vísindanefndar Hugvísindasviðs, hefur verið skipaður formaður vísindanefndar háskólaráðs af rektor og er því ekki lengur fulltrúi Hugvísindasviðs. ÁE lagði til að IE yrði varaformaður í stað ÁJ og tæki sæti í vísindanefnd háskólaráðs fyrir Hugvísindasvið. Samþykkt einróma. ESS lagði til að málefni vísindanefndar háskólaráðs yrðu reglulegur liður á dagskrá funda vísindanefndar sviðsins. Samþykkt. ESS lagði til að stjórn Hugvísindastofnunar (sem er vísindanefnd Hugvísindasviðs) hefði reglulegan fundartíma, t.d. einu sinni í mánuði. Fundir gætu verið stuttir eða felldir niður ef ekkert mikilvægt væri á dagskrá. Samþykkt að prófa þetta fyrirkomulag.

3. *Reglur Rannsóknasjóðs Hugvísindastofnunar fyrir næstu úthlutun*: Engar tillögur um breytingar voru lagðar fram fyrir fund eða á fundinum. MG bar fram fyrirspurn um hvort ætti að veiti styrki vegna hárra ráðstefnugjalda úr lið 8 í reglum (opinn liður), eins og var ákveðið strax fljótlega eftir fall gengis 2008. Einungis einn styrkur hefur verið veittur og nú er komin óformleg fyrirspurn um hvort þetta sé í boði. Samþykkt að hafa þennan möguleika ekki opinn. Kallar ekki á breytingar á reglum. ESS bar upp hvort rýmka ætti fyrir fyrirlestraröðum í reglum sjóðsins. Í dag er einungis hægt að sækja um lægri fundastyrkina, hámark 25.000 kr., fyrir fyrirlestraraðir og 100.000 kr. vegna komu erlends fræðimanns. Málið var rætt og samþykkt að taka það fyrir á næsta fundi.

4. *Ferðastyrkir doktorsnema*: MG kynnti og bar upp tillögu um að hækka hvern ferðastyrk úr 50.000 kr. í 70.000 kr. Einnig lá fyrir fundinum ályktun frá Félagi doktorsnema á Hugvísindasviði. Tillaga MG var samþykkt en jafnframt var samþykkt að leiðbeinendur doktorsnema þyrftu að vera með í umsóknum til að tryggja að þeir væru alltaf upplýstir um þær og með í ráðum. Ákveðið var að geyma umræðu um sveigjanleika í styrkveitingum. KJ sagði að margir doktorsnemar vissu ekki um þessa styrki og þá einkum að þeir hefðu verið veittir til annars konar ferða en á ráðstefnur. Hún taldi erfitt að finna upplýsingar um þá. ESS og MG sögðu frá því að ný heimasíða Hugvísindastofnunar væri í vinnslu og að þar yrði áberandi síða með upplýsingum fyrir doktorsnema bæði á íslensku og ensku.

5. *Útgáfa doktorsritgerða*: MG kynnti tillögu að nýju vinnuferli og nýju sniðmáti fyrir doktorsritgerðir. Í því felst að doktorsnemi gengur að öllu leyti frá ritgerð til prentunar og hefur sniðmát til leiðsagnar, en Hugvísindastofnun sér einungis um að greiða kostnað við að prentun þeirra eintaka sem skila á fyrir vörn. Nýja sniðmátið er í stærð sem gerir þeim auðveldara að setja textann upp en verið hefur. Málið var rætt. Tillaga að nýju sniðmáti verður send stjórnarmeðlimum og málið rætt aftur á næsta fundi.

4. *Önnur mál*: ÁE sagði frá vinnu við nýja stefnu Hugvísindasviðs sem verður borin upp á sviðsþingi um miðjan nóvember. Hann bað um hugmyndir frá rannsóknastofnunum sviðsins og sagði að best væri ef stjórnir þeirra gætu fundað á næstu vikum til að ræða stefnu sviðsins í rannsóknnum. ÁE mun senda formönnum stjórna póst með formlegri beiðni um tillögur.

Fundi slitið kl. 16:40